

Innflutningsleyfi – eftirlitsgjald

Sækja þarf um innflutningsleyfi til Matvælastofnunar (Mast) tímanlega fyrir innflutning. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Mast (sjá www.mast.is). Greiða skal eftirlitsgjald að upphæð kr. 37.400 og greiðsluupplýsingar eru sendar umsækjanda þegar umsókn hefur borist. Þegar Mast hefur borist staðfesting á greiðslu, verður innflutningsleyfi gefið út. Evrópska gæludýravegabréfið nægir ekki vegna innflutnings á hundi til Íslands. Skapgerðarmats er krafist fyrir sumar hundategundir (sjá nánar hér að neðan).

Kostnaður við innflutning

Kostnaður við innflutning hunda er þrjúþættur og ber innflytjandi þann kostnað:

- 1) Gjald vegna innflutningseftirlits, greitt til Matvælastofnunar (37.400).
- 2) Gjald vegna einangrunar. Einangrunarstöðin veitir upplýsingar um það.
- 3) Dýralækniskostnaður vegna undirbúnings innflutnings ytra, þ.e. vegna bólusetninga, sýnataka

Einangrun

Allir innfluttir hundar þurfa að vera í fjögurra (4) vikna einangrun. Innflytjandi skal sjálfur sækja um pláss í einangrunarstöð. Á Íslandi eru tvær samþykktar einangrunarstöðvar fyrir gæludýr, Einangrunarstöðin í Reykjanesbæ (Höfn) og Einangrunarstöðin Móseli (Hellu). Tekið er við dýrum á fyrirfram ákveðnum komudögum. Einangrunarstöðvarnar veita nánari upplýsingar um einangrun, kostnað og komudaga. Mælt er með að panta pláss tímanlega þar sem biðlisti getur myndast.

Innflutningsstaður og komutími

Keflavíkurflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr. Leyfilegur komutími dýra er á milli kl. 05:00 og 17:00 á fyrirfram ákveðnum komudögum. Ef nauðsynlegt er að senda hunda og ketti með flugi sem lendir utan þess tíma þarf að sækja sérstaklega um það með a.m.k. viku fyrirvara. Verði slíkt leyfi veitt getur talsverður aukakostnaður fallið á innflytjanda vegna eftirlits og umönnunar dýranna á Keflavíkurflugvelli.

Flutningsbúr

Hundar skulu vera í flutningsbúri sem er það stórt að þeir geti staðið í því, legið og snúið sér við. Búrið á að vera úr efni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Ef ekki er hægt að þrifa og sótthreinsa búrið verður því fargað að loknum innflutningi. Mjúk búr eða hundatöskur eru ekki leyfilegar.

Lágmarksaldur innfluttra hunda

Lágmarksaldur innfluttra hunda er 7 mánuðir (204 dagar). Þó geta hundar sem verið hafa í löndum þar sem ekki er hundaæði í a.m.k. 6 mánuði eða frá fæðingu, verið 5 mánaða gamlir við innflutning. Um er að ræða eftirfarandi lönd: eru Ástralía, Bretland, Finnland, Færeyjar, Hawaii, Írland, Japan, Noregur (Svalbarði undanskilinn), Nýja-Sjáland og Svíþjóð. Þó skal hafa í huga að ef um er að ræða hundategund sem þarfnast skapgerðarmats þá er lágmarksaldur 6 mánuðir, þar sem matið má framkvæma í fyrsta lagi þegar hundurinn er 6 mánaða gamall.

Heilbrigðiskröfur

Uppfylla skal allar heilbrigðiskröfur vegna innflutnings og halda tímamörk vegna bólusetninga, sýnataka ofl. (s. 2-3). Senda skal heilbrigðis- og upprunavottorð ásamt fylgiskjöllum til Mast með tölvupósti a.m.k. 5 dögum fyrir innflutning til skoðunar og samþykktar. Frumrit vottorðs og niðurstaða hundaæðismótefnaþingamælingar ásamt innflutningsleyfi skal fylgja hundinum við innflutning (í umslagi og fest tryggilega á búrið).

Óheimill innflutningur

Óheimilt er að flytja inn hvolpafullar tíkur, tíkur með hvolpa á spena og hunda sem hafa undirgengist aðgerðir skömmu fyrir innflutning og þarfnast meðferðar af einhverju tagi. Óheimilt er að flytja inn eftirfaldar hundategundir: *Pit bull terrier / staffordshire bull terrier, Fila brasileiro, Toso inu, Dogo argentino*. Einnig blendinga af úlfum og hundum. Mast getur auk þess hafnað innflutningi annarra tegunda teljist stafa hætta af þeim.

Skapgerðarmat

Samkvæmt lögum um innflutning dýra skal ekki heimila innflutning á gæludýrum sem hætta getur stafað af og því er krafist sk. skapgerðarmats fyrir hunda af tilteknum tegundum. Um er að ræða hunda sem stærðar sinnar og/eða styrkleika vegna geta valdið alvarlegu tjóni ef þeir hafa tilhneigingu til árásargirni. Beiðni um skapgerðarmat er send umsækjendum þegar við á.

Ólöglegur innflutningur

Hundar sem ekki uppfylla skilyrði vegna innflutnings verða sendir úr landi eða aflífaðir bóttalaust og á kostnað innflytjanda.

Lög og reglur

Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, reglugerð 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis og reglugerð 432/2003 um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr kveða á um skilyrði vegna innflutnings og einangrunar gæludýra.

HEILBRIGÐISKRÖFUR OG VOTTORÐ VEGNA INNFLUTNINGS

Heilbrigðis- og upprunavottorð vegna innflutnings á hundi til Íslands

Eingöngu það vottorðseyðublað sem gefið er út af Mast í þessum tilgangi er tekið gilt. Vottorðið er gefið út á ensku. Nauðsynlegt er að hlutar 1-8 séu rétt útfylltir svo hægt sé að meta vottorðið. Upplýsingar um innflytjanda og hund skulu vera í samræmi við innflutningsleyfi.

A.m.k. 5 dögum fyrir innflutning skal senda skannað afrit af heilbrigðis- og upprunavottorðinu ásamt niðurstöðum mótefnamælingar (hundaæði) með tölvupósti til Mast (petimport@mast.is). Sampykki skal liggja fyrir áður en hundurinn er fluttur til Íslands.

Eftirfarandi gögn skulu fylgja hundinum við innflutning (í umslagi sem er límt á búrið):

- 1) Frumrit heilbrigðis- og upprunavottorðs;
- 2) Frumrit hundaæðismótefnamælingar (rabies antibody titre test report);
- 3) Innflutningsleyfi (má vera afrit).
- 4) Hafi eigandi átt dýrið skemur en 12 mánuði ber honum að greiða virðisaukaskatt af kaupverði dýrsins við innflutning. Innflytjendum er skylt að leggja fram tollskýrslu hjá tollstjóra, þ.á.m. vörureikning þar sem fram koma upplýsingar um nöfn og heimili seljanda og kaupanda, útgáfustað- og dag og hvenær sala fór fram. Gefinn er 14 daga greiðslufrestur frá komu dýrsins til landsins. Ef óskað er eftir tollafgreiðslu vinsamlegast hafið samband við Miðlun hjá Icelandair Cargo ehf. en netfangið er tollskýrsla@icelandaircargo.is. Hafi eigandi átt dýrið lengur en 12 mánuði gæti hann þurft að leggja fram gögn því til staðfestingar.

Örmerki

Hundar skulu merktir með örmerki sem uppfyllir ISO staðla. Örmerking skal framkvæmd áður en bólusetningar og sýnatökur vegna innflutnings fara fram.

Bólusetningar

a) Hundaeði (bólusetning og mótefnaþæling)

- Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **365 dögum** fyrir innflutning.
- Hundurinn skal hafa verið a.m.k. **12 vikna** gamall við fyrstu bólusetningu.
- **120 dagar** þurfa að líða frá fyrstu bólusetningu þar til hundurinn má koma til landsins (svo fremi sem niðurstaða mótefnaþælingar er fullnægjandi). Sé um gilda endurbólusetningu að ræða (og niðurstaða mótefnaþælingar er fullnægjandi) er heimilt að flytja hundinn inn 30 dögum eftir endurbólusetningu.
- Mæla skal magn hundaæðismótefnis í blóði í fyrsta lagi **30 dögum** eftir bólusetningu og skal það vera a.m.k. 0,5 a.e./ml (IU/ml). Mælingin skal framkvæmd á rannsóknarstofu sem samþykkt er af ESB í þessum tilgangi (sjá tengil á www.mast.is / innflutningur gæludýra).
- Mælist mótefni ekki nægjanleg telst sú bólusetning sem framkvæmd er í kjölfar mælingar, vera fyrsta bólusetning.
- *Lönd án hundaæðis: Ekki þarf að bólusetja/mótefnaþæla hunda gegn hundaæði sem fluttir eru frá og hafa verið a.m.k. 6 mánuði í löndum sem flokkast sem lönd án hundaæðis. Þau lönd eru Ástralía, Bretland, Finnland, Færeyjar, Hawaii, Írland, Japan, Noregur (á þó ekki við um Svalbarða), Nýja-Sjáland og Svíþjóð.*

b) Leptospirosis

- Hundurinn skal vera fullbólusettur* gegn leptospirosis. Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **180 dögum** fyrir innflutning en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir innflutning.

c) Hundafár (canine distemper)

- Hundurinn skal vera fullbólusettur* gegn hundafári. Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **730 dögum** fyrir innflutning en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir innflutning.

d) Smitandi lifrabólga (contagious hepatitis)

- Hundurinn skal vera fullbólusettur* gegn smitandi lifrabólgu. Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **365 dögum** fyrir innflutning en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir innflutning.

e) Smáveirusótt (parvovirus)

- Hundurinn skal vera fullbólusettur* gegn smáveirusótt. Bólusetning skal hafa farið fram í mesta lagi **365 dögum** fyrir innflutning en þó eigi síðar en **30 dögum** fyrir innflutning.

*Bólusetja skal hundinn skv. leiðbeiningum viðkomandi bóluefnis. Ef grunnbólusetning felur í sér tvær bólusetningar (sk. booster) þá telst hundurinn fullbólusettur að lokinni seinni bólusetningu. Þetta á sérstaklega við um **Leptospirosis**.

Sýnatökur (aðrar en mótefnaþæling vegna hundaæðis) (í mesta lagi 30 dögum fyrir innflutning)

a) Brucella canis

- Í mesta lagi **30 dögum** fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknar á *Brucella canis*. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja hundinn til landsins.

b) Salmonella spp.

- Í mesta lagi **30 dögum** fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsóknar á *Salmonella* spp. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja hundinn til landsins.

Heilbrigðissskoðun og sníkjudýrameðhöndlun (í mesta lagi 10 dögum fyrir innflutning)

a) Heilbrigðissskoðun

- 5-10 dögum fyrir innflutning skal hundurinn skoðaður af dýralækni sem vottar að hann hafi engin einkenni smitsjúkdóms.

b) Bandormahreinsun

- 5-10 dögum fyrir innflutning skal dýralæknir meðhöndla hundinn gegn bandormum (*E. multilocularis*, *E. granulosus*) með viðurkenndu dýralyfi.

c) Útvortis sníkjudýr

- 5-10 dögum fyrir innflutning skal dýralæknir meðhöndla hundinn gegn útvortis sníkjudýrum (þ.m.t. eyrnamaurum, sé ástæða til) með viðurkenndu dýralyfi.